

Fundargerð 88. fundar

stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum

Árið 2026, miðvikudaginn 21. janúar kl. 08:00 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Íris Róbertsdóttir, Björn Ingimarsson, Kristinn Jónasson, Björg Ágústsdóttir, Gerður Björk Sveinsdóttir og Valdimar O. Hermannsson.

Að auki sat fundinn Bryndís Gunnlaugsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Jöfnun raforkukostnaðar - 2509006SK

Til umræðu var erindi Kristins Jónassonar til umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra þar sem fram komu áhyggjur af hækkun gjaldskrár raforkusala og neikvæðum áhrifum þess að fyrirkomulag niðurgreiðslna ríkisins skili sér ekki til neytenda.

Stjórn SSKS tekur undir erindi Kristins og mikilvægi þess að stjórnvöld endurskoði niðurgreiðslu til raforkunotenda á köldum svæðum þar sem ljóst sé að niðurgreiðslan skilar sér ekki til neytenda.

Stjórn felur formanni og starfsmanni samtakanna að afla upplýsinga sem geti verið grundvöllur að umræðum um hvernig hægt sé að breyta kerfinu þannig að stuðningur ríkisins skili sér raunverulega til notenda á köldum svæðum.

2. Fræðslufundur fyrir aðildarsveitarfélög 2026 - 2601001SK

Til umræðu drög að dagskrá fyrir opinn fræðslufund fyrir aðildarsveitarfélög, aðila raforkumarkaðarins, stjórnvalda sem og annarra áhugasamra um málefnið.

Stjórn samþykkir að boða til opins fundar þann 12. eða 13. mars nk. kl. 11:00-13:30. Yfirskrift fundarins verður "Raforkureikningurinn: Hver hagnast - hver borgar? Hver fær hvað og af hverju?

Starfsmanni samtakanna er falið að senda "Taktu daginn frá" til aðildarsveitarfélaga, aðila raforkumarkaðarins, ráðherra og þingmanna.

3. Önnur mál - 2509013SK

Almennar umræður tengt málefnum sveitarfélaga á köldum svæðum.

Fundi var slitið kl. 09:00